

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

6. tbl. 4. árg.

11. júní 2026



Vinnuskólinn tók til starfa 8. júní síðastliðinn. Viða má nú sjá ungmenni í gulum vestum að raka, sópa, snyrta beð eða sinna öðrum verkefnum vinnuskólans. Markmið vinnuskólans er að undirbúa ungmenni fyrir vinnu áður en haldið er út á hinn almenna vinnumarkað og skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf í Stykkishólmi.

## Bekkjaganga í Stykkishólmi

Priðja árið í röð stóðu Alzheimer samtökin fyrir svokallaðri bekkjagöngu, að þessu sinni var gengið á nokkrum stöðum á landinu, m.a. í Stykkishólmi. Tilgangur bekkjagöngu er að vekja athygli á og stuðla að umræðu um heilabilun sem er mikilvægur þáttur í að minnka fordóma í samfélaginu. Þá er þet-

ta jafnframt liður í því að stuðla að líkamlegri og félagslegri virkni sem eru mikilvægir þættir almennrar heilsu. Í Stykkishólmi var gengið laugardaginn 6. júní frá fjóluþláabekknunum við Ráðhúsið, að bekknum við Samkomuhúsið og áfram að bekknum við Sýsluskrifstofuna. Þær Hildur Lára Ævardsót-

tir og Guðrún Magnea Magnúsdóttir leiddu gönguna. Bekkurinn við Ráðhúsið í Stykkishólmi var málaður fjóluþláur og merktur *Munum leiðina* vorið 2023. Verkefnið var unnið í tengslum við vitundarvakningu Alzheimer samtakanna, *Munum leiðina*. Fjóluþláur er alþjóðlegur litur Alzheimer sjúkdómsins

og annarra heilabilunarsjúkdóma. Sambærilegir bekkir hafa verið settir niður víða um land í þeim tilgangi að vekja athygli á og auka umræðu og fræðslu um heilabilun í stað þess að fela umræðuna. Á bekkjunum er QR kóði sem hægt er að skanna og styrkja um leið samtökin.

## Notaleg kvöldstund í Sundlaug Stykkishólms



Bæring Nói og Bæring Breiðfjörð héldu upp stuðinu.

Svæðisgarðurinn Stykkishólms þrið-Snæfellsnes stóð, í judagskvöldið 9. júní samstarfi við sveitarfélagið, fyrir notalegri kvöldstund í Sundlaug

vatni og lifandi tónlist. Það voru frændurnir Bæring Nói Dagsson og Bæring Breiðfjörð Magnússon sem sáu

um að skemmta sundlaugargestum með ljúfum tónum. Rúmlega 80 manns gerðu sér ferð í sundlaugina og hlustuðu á þessa ungu og efnilegu tónlistarmenn.

Viðburðurinn var styrktur af Þjóðminjasafni Íslands og Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu. Viðburðurinn var hluti af dagskrá „Sundlaugasumars 2026“ en verkefnið var sett var af stað í kjölfar skráningar íslenskrar sundlaugamenningar á lista UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf.

## Sjómanna dagurinn í Stykkishólmi



Sr. Úrsúla Árnadóttir við minnismerkið "Á heimleið".

Sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur víða um land sunnudaginn 7. júní sl. Fulltrúar björgunarsveitarinnar Berserkja lögðu blómsveig við minnisvarða týndra sjómanna í kirkjugarðinum og séra Úrsúla Árnadóttir flutti hugleiðin-

gu. Við minnisvarða á höfninni var einnig lagður blómsveigur. Sigurður Páll Jónsson flutti ræðu og sr. Úrsúla fór með blessunarorð. Sjómanna dagsmessa var í Stykkishólmskirkju þar sem sr. Úrsúla þjónaði fyrir altari.

## Hátíðarhöld á 17. júní



Guðrún Magnea Magnúsdóttir, fjallkonan 2018.

Þjóðhátíðardagur íslendinga verður haldinn hátíðlegur 17. júní í Stykkishólmi með pompi og prakt. Sirkus Íslands verður með skemmtun við tónlistarskólann kl. 12:00, áður en skruðgangan

arkar niður í Hólmgarð þar sem hefðbundin hátíðardagskrá hefst kl. 13:00. Formaður þjóðhátíðarnefndar í ár er Helga Hjördís Björgvinsdóttir. Nánari dagskrá hátíðarhalda verður kynnt þegar nær dregur.

## Fjöldi fólks tók þátt í Kerlingarskarðshlaupi



við afleggjarann að Kerlingarskarði, og lauk á sunnanverðu nesinu, í grennd við Hjarðarfell. Keppendur voru ferjaðir að og frá keppnisstað með rútu. Verðlaun voru veitt fyrir efstu þrjú sætin í kvenna- og karlaflokki. Fyrstur í mark var Gestur Daníelsson, sem hljóp á rétt tæpum 52 mínútum. Hlaupið gekk vel fyrir sig og stefna skipuleggjendur á að halda hlaupið aftur á hvítasunnuhelginni að ári. Skipuleggjendur hlaupsins eru Hólmarnir Emil Einarsson, Heiða María Elfarsdóttir og Björg Gunnarsdóttir. Hlaupið var m.a. styrt af bæjarstjórn Stykkishólms.

55 manns tóku þátt í Kerlingarskarðshlaupinu.

Kerlingarskarðshlaupið var haldið í fyrsta sinn í lok maí 2025 og hlaut góðar undirtektir. Hlaupið var haldið aftur laugardaginn 23. maí sl. og þá skráð sem opin-

bert hlaup í fyrsta sinn. Um er að ræða 14 km langt utanvegahlaup sem fer fram á malarlóða í gegnum Kerlingarskarð. Leiðin tengir saman suður- og norðurhluta

Snæfellsness og býður upp stórbrotna náttúru í Kerlingarskarði.

Hlaupið hófst í blíðskaparveðri á norðanverðu nesinu,

## Áhaldahúsið flytur



Áhaldahúsið flytur frá Nesvegi 7 að Nesvegi 13.

Á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar samþykkti bæjarstjórn kaupsamning um Nesveg 13 en bæjarstjórn hafði áður, á 47. fundi sínum, samþyk-

kt sölu á Nesvegi 7, húsnæði áhaldahússins. Framundan eru því flutningar á áhaldahúsinu frá Nesvegi 7 að Nesvegi 13. Með þessu skapast

aukið og betra rými fyrir starfsemi áhaldahússins og tækjabúnað.

Guðni Sumarliðason, verkstjói í áhaldahúsi, ggerir ráð fyrir að klára flutninga á næstu dögum. "Með flutningum skapast tækifæri til að taka til, henda því sem við sjáum ekki fram á að nýtist lengur og endurskipuleggja geymslulager áhaldahússins. Allt með snyrtimennskuna í fyrirrúmi". - Segir Guðni sem horfir björtum augum til framtíðar í nýjun húsnæði.

Sveitarfélagið Stykkishólmur gefur út fréttaritíð Helstu fréttir mánaðarlega.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Vegna sumarleyfa verður ekki gefið út blað í júlí. Næsta blað Helstu fréttu kemur því út í ágústmánuði.

## Sveitarfélögin við Breiðafjörð mótmæla ákvörðun innviðaráðherra



Breiðafjarðarferjan Baldur

Sveitarfélagið Stykkishólmur, Vesturbyggð og Reykhólahreppur hafa sent frá sér sameiginlega ályktun vegna ákvörðunar innviðaráðherra um að færa Breiðafjarðarferjuna Baldur úr siglingum á Breiðafirði til að sinna auknu álagi við farþega- og ökutækjaflutninga til Vestmannaeyja frá og með 8. júní 2026.

Í ályktuninni harma sveitarfélögin og mótmæla harðlega þeirri ákvörðun og því fordæmi sem hún kann að skapa. Sveitarfélögin leggja áherslu á að þau hafi ávallt sýnt því fullan skilning að Baldur gegni hlutverki varaskips fyrir Herjólf þegar Herjólfur er óstarfhæfur eða í slipp, líkt og samningar

gera ráð fyrir. Sú staða er hins vegar ekki uppi í þessu tilviki þar sem Baldur er færður úr siglingum á Breiðafirði til að mæta aukinni eftirspurn eftir farþega- og ökutækjaflutningum til Vestmannaeyja.

Sveitarfélögin telja að ákvörðunin hafi veruleg áhrif á samgöngur, vöruflutninga, atvinnulíf og þjónustu við samfélögin við Breiðafjörð, ekki síst Flatey, og að hún beri vott um alvarlegt skeytingarleysi gagnvart þeim samfélögum sem reitt hafa sig á þjónustu ferjunnar og um árabíl unnið að eflingu samgangna og byggðafestu á svæðinu.

Í ályktuninni er jafnframt ítrekað að mikil-

vægt sé að ekki verði vikið frá þeim samningsforsendum sem legið hafa til grundvallar notkun Baldurs sem varaskips fyrir Herjólf og að þær forsendur og þau mörk sem mótast hafa í samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna við Breiðafjörð um hlutverk ferjunnar verði virt framvegis.

Ályktunina má lesa í heild sinni hér að neðan:

**Ályktun vegna ákvörðunar innviðaráðuneytis um að færa Breiðafjarðarferjuna Baldur úr siglingum á Breiðafirði til að styðja við aukna fólksflutninga til Vestmannaeyja**

Sveitarfélagið Stykkishólmur, Vesturbyg-

gð og Reykhólahreppur harma og mótmæla harðlega þeirri ákvörðun innviðaráðuneytisins og því fordæmi sem hún kann að skapa við að taka Breiðafjarðarferjuna Baldur úr siglingum á Breiðafirði til að sinna auknu álagi við farþegaflutninga til Vestmannaeyja frá og með 8. júní næstkomandi. Nær enginn fyrirvari er gefinn áður en þessi ákvörðun kemur til framkvæmda og lítið sem ekkert samráð var haft við sveitarfélög og aðra hagaðila við Breiðafjörð við töku hennar, þar sem áhrif hennar á flutninga og þjónustu við Breiðafjörð voru ekki metin né brugðist við þeim af neinni alvöru.

Sveitarfélög við Breiðafjörð hafa haft skilning á því að Breiðafjarðarferjan Baldur sé varaskip fyrir Herjólf þegar hann er óstarfhæfur eða þarf að fara í slipp, líkt og samningar kveða á um. Sveitarfélögin við Breiðafjörð hafa ávallt sýnt því fullan skilning og samstöðu með íbúum Vestmannaeyja þegar slíkar aðstæður koma upp og munu gera áfram. Sú staða er hins vegar ekki uppi í þessu tilviki. Fyrstu dagana sem Baldur verður tekinn úr siglingum á Breiðafirði mun hann

sigla samhliða Herjólf til að mæta aukinni eftirspurn eftir farþega- og ökutækjaflutningum til Vestmannaeyja, meðal annars vegna íþróttaviðburða, samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið af hálfu innviðaráðuneytisins. Að mati sveitarfélaganna fellur slík ráðstöfun ekki að þeim forsendum sem legið hafa til grundvallar notkun Baldurs sem varaskips fyrir Herjólf.

Breiðafjarðarferjan Baldur gegnir lykilhlutverki í samgöngum milli Vestfjarða og Vesturlands og er lífæð Flateyjar. Ferjan þjónustar byggðir við Breiðafjörð og með henni fara mikilvægir flutningar á vörum, aðföngum og afurðum milli Vestfjarða og Vesturlands. Ferðaðþjónustuaðilar á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og Flatey treysta á öruggar og reglulegar siglingar yfir Breiðafjörð og áhrifa þessarar ákvörðunar mun gæta verulega nú í upphafi ferðamannatímabils með fyrirséðu tekjutapi. Flatey reiðir sig alfarið á Baldur þegar kemur að flutningum og samgöngum, enda fara allir flutningar á neysluvatni, vörum og sorpi með ferjunni. Grásleppuvertíð stendur nú yfir og er afla landað í Flatey, sem svo er fluttur með Baldri til Stykkishólms til vinnslu.

Þá hefur Orkubú Vestfjarða undirbúið umfangsmiklar framkvæmdir í Flatey nú í júní við uppsetningu rafstöðvar og rafhlöðuvirkis sem ætlað er að draga verulega úr olíunotkun í eyjunni og styðja þannig við mikilvægt verkefni á sviði orkuskipta. Ljóst er að þær framkvæmdir munu óhjákvæmilega tefjast af þessum sökum. Farþegaskipið Særún, sem ráðuneytið áformar að muni sinna siglingum til Flateyjar á meðan Baldur siglir til Vestmannaeyja, er hvorki hönnuð né hefur getu til stórflutninga á vatni, vörum, aflu og sorpgámum til og frá Flatey og getur því ekki komið í stað þeirrar þjónustu sem Baldur veitir samfélaginu í Flatey.

Afleiðingar þess að Baldur er færður úr siglingum um Breiðafjörð eru því verulegar og ljóst að ekki liggja fyrir fullnægjandi og raunhæfar viðbragðsáætlanir til þess að tryggja neysluvatnsöryggi Flateyjar, vöruflutninga og samgöngur yfir Breiðafjörð meðan á þessu ástandi stendur. Fyrir lá um nokkurt skeið að Herjólfur þyrfti að fara í vélaviðgerð, en þrátt fyrir það var ekkert formlegt samráð haft við sveitarfélög og aðra hagaðila við Breiðafjörð um hvernig mæta sky-

ldi áhrifum þessarar ákvörðunar né lagðar fram raunhæfar lausnir til að tryggja viðunandi þjónustustig á svæðinu á meðan.

Þá vekur athygli að frumkvæði til að reyna að tryggja neysluvatnsöryggi í Flatey meðan á þessu stendur hefur komið frá Flateyingum sjálfum en ekki frá þeim stjórnvöldum sem ákvörðunina tóku. Sú ákvörðun að taka Baldur úr siglingum um Breiðafjörð í um heila viku til að auka farþega- og ökutækjaflutninga til Vestmannaeyja tekur að mati sveitarfélaganna ekki nægilegt tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru fyrir íbúa, atvinnulíf og byggðir við Breiðafjörð og á Vestfjörðum og ber vott um alvarlegt skeytingarleysi gagnvart þeim samfélögum sem reitt hafa sig á þjónustu ferjunnar og um árábil unnið að eflingu samgangna og byggðafestu á svæðinu. Betur hefði farið á því að nýta þann tíma sem fyrir hendi var til að undirbúa raunhæfar viðbragðsáætlanir í samráði við sveitarfélög og aðra hagaðila á svæðinu.

Þegar Baldur er færður til siglinga til Vestmannaeyja eru áhrifin á samfélögin við Breiðafjörð augljóslega veruleg og

réttlætast aðeins af þeirri nauðsyn að tryggja samgöngur til Vestmannaeyja þegar Herjólfur er í slipp eða óstarfhæfur. Öðru máli gegnir þegar ferjan er nýtt til að mæta tímabundnu auknu álagi vegna viðburða eða annarrar eftirspurnar. Slík ráðstöfun hefur víðtæk áhrif á samgöngur, þjónustu og atvinnulíf við Breiðafjörð og fellur að mati sveitarfélaganna ekki að þeim forsendum sem legið hafa til grundvallar á notkun Baldurs sem varaskips fyrir Herjólf.

Sveitarfélögin ítreka því að mikilvægt er að innviðaráðuneytið og Vegagerðin staðfesti að ekki verði vikið frá þeim samningsforsendum sem legið hafa til grundvallar notkun Baldurs sem varaskips fyrir Herjólf, nema þegar Herjólfur er í slipp eða óstarfhæfur. Jafnframt telja sveitarfélögin mikilvægt að þær forsendur og þau mörk sem mótast hafa í samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna við Breiðafjörð um hlutverk Baldurs verði virt framvegis og að öryggi, þjónusta og samgöngur samfélaganna við Breiðafjörð verði tryggð þegar nauðsyn krefur að færa Baldur úr siglingum á svæðinu.

## Sátan fór vel fram



Fullur salur fylgist með hljómsveitinni Misþyrming á sviði.

Tónlistarhátíðin Sátan fór fram dagana 4.-6. júní í Íþróttamiðstöð Stykkishólms og setti hún sannarlega svip sinn á bæinn. Hátíðin var nú haldin í þriðja sinn og tókst vel til en hátíðin fór friðsamlega og vel fram.

Bærinn iðaði af mannlífi og var ekki annað að sjá en veitingastaðir og þjónustuaðilar í bænum hefðu í nægu að snúast á meðan hátíðin gekk yfir. Tjaldsvæðið var vel nýtt og mikið bókað á hótélum og gististöðum í Stykkishólmi og nágrenni í tengslum við hátíðina. Sátan leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt úrval af fremstu rokkhljómsveitum Íslands í bland við úrvalssveitir frá erlendri

grundu en auk tónleika bauð hátíðin gestum upp á málþing á Fosshótel Stykkishólmi, bingó og golfmót svo eitthvað sé nefnt.

di heilbrigðisráðherra, setti hátíðina fimmtudaginn 4. júní og bauð fyrstu hljómsveit velkomna á svið. En það var hljómsveitin

hátíðina. Hljómsveitina skipa Hólmararnir Ísleifur Jónsson gítarleikari og Ívar Leo Hauks-son bassaleikari ásamt norðlendingunum Arnari Smára Sigurðssyni trommuleikara, Aroni Frey Ívarssyni söngvara og Daníel Hrafni Ingvarssyni gítarleikara.



*"Ekkert gleður eins og leður" - sagði Óttarr Proppé, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, þegar hann setti hátíðina í ár.*

Óttarr Proppé, tónlistarmaður og fyrrveran-

Sót, frá Stykkishólmi og Akureyri, sem opnaði

Hljómsveitin Sót stóð uppi sem sigurvegari Wacken metal battle Iceland 25. apríl síðastliðinn og tryggði sér þannig opunaratriði Sátunnar og farseðil á Wacken Open Air í Þýskalandi, sem er ein stærsta og virtasta þungarokkshátíð í heimi. Hátíðin fer fram 29. júlí - 1. ágúst og er búist við u.þ.b. 85.000 gestum frá yfir 80 löndum.

Drengirnir stóðu sig með miklu prýði á Sátunni og uppskáru dynjandi lófatak og fangaðarlæti.

Á laugardeginum bauð Sátan krökkum

og foreldrum að kíkja við í stúkunni þegar hljómsveitin Sólstafr hitaði upp fyrir kvöldið, en þeir voru síðasta atriði hátíðarinnar. Þessi nýjung mældist vel fyrir

og var stúkan full af áhugasömum krökkum og foreldrum.

Búið er að tilkynna nokkrar hljómsveitir sem spila á Sátunni 2027 en

þar á meðal eru til að mynda Óttarr Proppé og félagar í HAM. En hljómsveitin á dyggan aðdáendahóp og eflaust margir sem láta sig hlakka til næsta árs.



*Jakob Björgvin, bæjarstjóri, Sigurður Grétar, oddviti Í-lista og Björn Ásgeir, forseti bæjarstjórnar hlustuðu saman á Sót á Sátunni.*



*Fjölmargir nýttu tækifærið og sáu Sólstafr hita upp á laugardeginum, áður en þeir lokuðu Sátunni 2026.*

## Fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar



*Frá vinstri: Jakob Björgvin S. Jakobsson, bæjarstjóri, Björn Ásgeir Sumarliðason, forseti bæjarstjórnar (H), Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir (H), Mattías Arnar Þorgrímsson (H), Þórhildur Eyþórsdóttir (H), Sigurður Grétar Jónasson (Í), Rannveig Tenchi Ernudóttir (Í) og Kristján Hildibrandsson (Í).*

49. fundur bæjarstjórnar Stykkishólms fór fram fimmtudaginn 4. júní síðastliðin. Þetta var

fyrsti fundur eftir sveitarstjórnarkosningar og því fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar. Á dagskrá

fundar voru meðal annars hefðbundin mál í kjölfar kosninga. Skipaðir voru nefndar-

menn í skipulagsnefnd, fræðslunefnd, kjörstjórn og fulltrúar sveitarfélagsins í Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Þá var Björn Ásgeir Sumarliðason kjörinn forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs var kjörinn Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir.

Á fundinum var Jakob Björgvin S. Jakobsson endurráðinn bæjarstjóri Sveitarfélagsins Stykkishólms fyrir kjörtímabilið 2026-2030. Ráðningin var samþykkt samhljóða.

Fundir bæjarstjórnar eru sendir út í beinni útsendingu á youtuberás sveitarfélagsins og eru einnig aðgengilegir þar eftir á.

## Sveitarfélagið gefur börnum sólmyrkvagleraugu



Ungur Hólmari með gleraugun góðu.

Þann 12. ágúst 2026 verður almyrkvi á sólu sjáanlegur frá Íslandi í fyrsta sinn síðan 1954. Almyrkvinn sést frá

Vestfirðum, Snæfellsnesi og Vesturlandi, höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesskaga. Sveitarfélagið Styk-

kishólmur afhenti á dögunum leik- og grunnskóla sérstök sólmyrkvagleraugu í tilefni af almyrkvanum sem

verður miðvikudaginn 12. ágúst nk.

Með gleraugunum vill sveitarfélagið tryggja að öll börn í sveitarfélaginu geti fylgst með þessum einstaka náttúruatburði á öruggan hátt. Skólarnir hafa nú þegar komið gleraugunum til nemenda sinna

Á vefnum solmyrkvi.is má finna allar helstu upplýsingar um almyrkvann, þar á meðal sérstakar upplýsingar um öryggi augna. Íbúar eru hvattir til að kynna sér málið og tryggja þannig sem besta upplifun af þessum einstaka atburði.

## Gjaldtaka á hafnarsvæði hefst á ný



Stykkishólmshöfn.

Gjaldtaka á bílastæðum við höfnina í Stykkishólmi hefst á ný mánudaginn 15. júní nk. Tilgangur gjaldtökkunnar er sem fyrr að bæta nýtingu bílastæða, stýra umferð og tryggja tekjur

til að viðhalda og bæta aðstöðu á svæðinu. Í kjölfar samráðs við ferðafjónustuaðila á svæðinu hefur sú breyting orðið á fyrirkomulagi gjaldtöku að gjaldskylda er aðeins á stóra bílplaninu við

minnismerkið á heimleið, bílastæðum undir Súgandisey og á Stykkisbryggju, þar sem rútustæði eru. Ekki verður gjaldskylda á bílastæðum fyrir framan hafnarvogina. Þá hefur sveitarfélagið leigt ferðafjónustuaðilum á hafnarsvæðinu bílplanið þar sem söluvagnarnir standa en þar munu þeir ferðafjónustuaðilar bjóða viðskiptavinum sínum frí bílastæði. Greinargóðar merkingar vegna gjaldtökkunnar verða settar upp á hafnarsvæðinu að morgni dags 15. júní. Líkt og áður hafa þeir sem eru með báta í höfninni heimild til að leg-

gja án endurgjalds. Þeim aðilum er bent á að vera í sambandi við hafnarvörð varðandi skráningu á bílnúmerum. Eftirlit með greiðslu fer fram á vegum sveitarfélagsins, þar sem starfsmenn skanna bílnúmer og fletta upp hvort greitt hafi verið fyrir viðveru. Ef greiðsla liggur ekki fyrir, stofnast krafa í heimabanka eiganda ökutækis. Gjald er einungis innheimt ef ökutæki stöðvar innan gjaldskyldu svæðis. Stutt viðkoma eða akskur í gegnum svæðið án þess að leggja telst ekki gjaldskyldt. Gjaldskyldu þessa árs líkur 30. september.